

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1902  
komudagur 4.5.2010



Nefndasvið Alþingis  
Félags- og tryggingamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 03.05 2010  
Mál: 201004-0018

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um umboðsmann skuldara (562 mál ).

Alþýðusamband Íslands var þeirrar skoðunar í umræðum um viðtækar aðgerðir og brýn úrræði í kjölfar efnahagshrunsins, að fljótlegast og fyrirhafnarminnst væri að fela sýslumannsembætti það hlutverk sem umboðsmanni er ætlað skv. lögum um greiðsluáðlögun sbr. c.lið 2.gr. þessa frumvarps. Það byggðist á því, að innan þeirra embættu væri bæði til staðar þekking, aðstaða og mannskapur til þess að taka hlutverkið að sér. ASÍ féllst hins vegar á þau rök, að mikilvægt væri að byggja upp traust og varanleg úrræði til framtíðar fyrir skulduga einstaklinga og fjölskyldur og að mótun þess yrði falin sérstöku og sjálfstæðu embætti. Jafnframt fagnar ASÍ því að Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, sem unnið hefur verðmætt starf á undanfönum árum, sé fundinn varanlegur staður í lögum.

Áskilinn er réttur til þess að koma að frekari athugasemdum við þingmál þetta eftir því sem meðferð þess á Alþingi miðar.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Magnús M. Norðdahl', written in a cursive style.

Magnús M. Norðdahl hrl.,  
lögfræðingur ASÍ.

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1901  
komudagur 4.5 2010



Nefndasvið Alþingis  
Félags- og tryggingamálanefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 29. apríl 2010

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga umboðsmann skuldara, þskj. 952 – 562. mál.**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um umboðsmann skuldara. Samkvæmt frumvarpinu mun hið nýja embætti umboðsmanns skuldara taka við verkefnum Ráðgjafarstofu heimilanna við aðstoð einstaklinga sem lent hafa í verulegum greiðslu-erfiðleikum og má ráða af frumvarpinu að hlutverk umboðsmanns verði umfangsmeira en Ráðgjafastofunnar er núna. Bandalagið vekur athygli á því að í frumvarpinu er hvergi minnst á aðstæður er kunna að rísa vegna lagaskila, svo sem þeirra einstaklinga sem hafa leitað til Ráðgjafastofunnar og mál þeirra eru í ferli þegar Ráðgjafarstofan er lögð niður. Bandalagið telur mikilvægt að ákvarðað sé hvernig tilflutningur verkefna verði við þessar kringumstæður sér í lagi í ljósi þess að ekki er tryggt að starfsmenn Ráðgjafarstofu heimilanna muni starfa hjá nýju embætti enda segir í frumvarpinu að þeim verði boðið starf sem ekki endilega feli í sér sambærilegt starf og það sinnti áður.

Fyrir hönd BSRB,

A handwritten signature in black ink, which appears to read 'Helga Jónsdóttir', is written over the typed name.

Helga Jónsdóttir  
framkvæmdastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2037  
komudagur 7.5.2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 3. maí 2010

Sendandi: Biskup Íslands.

Númer og heiti þingmáls:

**Frumvarp til laga um umboðsmann skuldara – 562. mál**

Beiðni um umsögn barst 21. apríl 2010.

Vísað er til bréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 21. apríl sl., þar sem félags- og tryggingamaálfnefnd Alþingis óskar eftir um umsögn um ofangreint frumvarp.

Biskup Íslands telur að með stofnun embættis umboðsmanns skuldara sé verið að festa í sessi aðgang almennings að ráðgjöf vegna fjármála heimilanna og aðstoð við að leita leiða til lausnar ef greiðsluferfiðleikar skapast.

Því fagnar biskup framkomnu frumvarpi en vill benda á hvort svo viðamikil stofnun af þessu tagi þurfi ekki að hafa sérstaka stjórn starfseminni til stuðnings.

Biskup minnir á að fjármálaráðgjöf snýst ekki bara um tölur og bókhald, heldur og ekki síður að einstaklingum sem lenda í erfiðleikum. Því skiptir miklu máli að starfsfólk sem ráðið verði til starfa þar endurspegli þá sýn og að karfa sé gerð um góð samskipti. Fjölbreytni í starfsliði er æskileg í því ljósi.

Þá er mikilvægt að aðgengi að slíkri ráðgjöf sé sem greiðust eins og verið hefur með Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna og er eftirsjá af þeirri starfsemi sem Þjóðkirkjan átti aðild að frá upphafi. Biskup vonar að hin nýja stofnun starfi í þeim góða anda sem þar ríkti.

Virðingarfyllst,

f.h. biskups Íslands

---

Ragnhildur Benediktsdóttir

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/2828*  
*komudagur 11.6.2010*



Nefndarsvið Alþingis  
Félags- og tryggingamálanefnd,  
Kristjana Benediktsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. júní 2010  
EBG/hó

**Efni. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um umboðsmann skuldara á 138.  
löggjafarþingi.**  
*Tilv. 2010050004*

Drögin bárust Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá nefndasviði Alþingis, dags.  
10. júní 2010.

Bændasamtök Íslands mæla með samþykkt frumvarpsins í núverandi mynd.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson  
lögfræðingur

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS



Nefndarsvið Alþingis  
Félags- og tryggingamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 138/2036*  
*komudagur 7.5.2010*

Reykjavík, 5. maí 2010  
EBG/--

**Efni. Umsögn um frumvarp til laga um umboðsmann skuldara á 138. löggjafarþingi,**  
**þskj. 952 – 562. mál**  
*Tilv. 2010050004*

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá nefndarsviði Alþingis, dags. 21. apríl 2010.

Bændasamtök Íslands mæla með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson  
lögfræðingur

Dómarafélag Íslands

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2227  
komudagur 12.5.2010

Reykjavík, 12. maí 2010.

Nefndasvið Alþingis,

Austurstræti 8-10,


150 Reykjavík.

Með tölvubréfi frá félags- og tryggingamálanefnd Alþingis, dags. 21. apríl sl., var óskað umsagnar Dómarafélags Íslands um m.a. frumvarp til laga um umboðsmann skuldara.

Stjórn Dómarafélags Íslands hefur fjallað um ofangreint frumvarp og hefur aðeins þá athugasemd við 1. gr. frumvarpsins að ekki sé skýrt hver stjórnarsýsluleg staða umboðsmannsins er, þ.e. hvort hann er stjórnvald í skilningi stjórnarsýslulaga sem getur tekið ákvarðanir um réttindi og skyldur manna.

Virðingarfyllst,

f.h. Dómarafélags Íslands,

  
Ingveldur Einarsdóttir, formaður

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 138/213L

komudagur 7.S. 2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10, 3. hæð  
150 Reykjavík

7. maí 2010

Tilvísun: 2010040031

## Umsögn um frumvarp til laga um umboðsmann skuldara, þskj. 952 - 562. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupóstar þann 27. apríl 2010, þar sem m.a. var óskað umsagnar Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um umboðsmann skuldara. Fjármálaeftirlitið gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

### *I. d. og e. liður 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins*

Að því er varðar hlutverk umboðsmanns skv. d. lið 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins vill Fjármálaeftirlitið benda á að ábendingum um ágalla á lánastarfsemi er annars vegar hægt að koma til Fjármálaeftirlitsins og hins vegar til Neytendastofu, sem hefur eftirlit með lögum nr. 121/1994 um neytendalán. Með þessu vill Fjármálaeftirlitið benda á mögulega skörun við starfssvið tveggja annarra stofnana.

Telja verður að framangreint hlutverk umboðsmanns skuldara tengist hlutverki hans til að bregðast við þegar brotið er gegn hagsmunum skuldara, skv. e. lið 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Önnur ákvæði frumvarpsins tilgreina þó ekki til hvaða úrræða umboðsmaður skuldara geti gripið til. Þá verður ekki séð að umboðsmaður skuldara hafi úrræði eða viðurlög sé brotið gegn hagsmunum skuldara.

### *II. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins*

Í almennum athugasemdum með frumvarpinu er m.a. fjallað um fjármögnun embættis umboðsmanns skuldara. Þar kemur fram að eðlilegt þyki að þeir aðilar sem stunda lánveitingar greiði kostnað af starfsemi stofnunarinnar. Þó er einungis lagt til að fjármálafyrirtæki sem fengið hafa starfsleyfi sem lánastofnanir á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, greiði kostnað af rekstri embættis umboðsmanns skuldara. Útlánastarfsemi er starfsleyfisskyld starfsemi samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, þó einungis ef útlánin eru fjármögnuð með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi, þ.e. innlánnum eða skuldaviðurkenningum. Aðrir aðilar geta þannig stundað lánveitingar í atvinnuskyni án þess að teljast til lánastofnana. Þá vill Fjármálaeftirlitið vekja athygli á því að aðrir eftirlitsskyldir aðilar stunda einnig lánveitingar, s.s. lífeyrissjóðir og Íbúðalánasjóður.

### *III. 7. mgr. 5. gr. frumvarpsins*

Af ákvæðum frumvarpsins verður ekki ráðið að umboðsmaður skuldara sinni eftirliti og því bendir Fjármálaeftirlitið á að óheppilegt sé að vísa til „eftirlitskostnaðar“ í 7. mgr. 5. gr. frumvarpsins.

### *IV. 6. gr. frumvarpsins*

Með hliðsjón af 4. gr. frumvarpsins telur Fjármálaeftirlitið rétt að 1. ml. 6. gr. frumvarpsins orðist með eftirfarandi hætti: „*Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skal umboðsmaður skuldara gefa*

*ráðherra árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar.*“ Þá telur Fjármálaeftirlitið rétt að kveðið sé á um að þær upplýsingar sem fram komi í skýrslunni skuli vera í samandregnu formi þannig að einstakir aðilar séu ópersónugreinanlegir, enda varða upplýsingarnar viðskipta- eða einkamálefni einstaklinga. Í þessu sambandi bendir Fjármálaeftirlitið á 3. mgr. 13. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Guðmundur Jónsson



Hildur Jóna Júlíusdóttir



Alþingi  
Erindi nr. P 138/2010  
komudagur 23.6.2010

**Nefndasvið Alþingis**

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

[nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)



Reykjavík, 20. júní 2010

**Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna (HH) til Félags- og tryggingamálanefndar Alþingis vegna þingskjals nr. 952, 562. máls, 138. löggjafarþingi, 2009-2010.**  
Frumvarp til laga um umboðsmann skuldara.

**Almennt**

Hagsmunasamtök heimilanna telja mjög jákvætt og brýnt skref stigið með því að koma á fót sérstöku embætti umboðsmanns til að aðstoða og leiðbeina lántökum í forvarnskyni og til aðstoðar í greiðsluferfiðleikum. Samtökin telja efnislegar breytingar á frumvarpinu milli umferða vera til mikilla bóta og gera ekki frekari efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

Hins vegar ítreka samtökin þá ábendingu að þau telja mikil mistök að nefna þetta embætti svo neikvæðu nafni og hafa bent á að **umboðsmaður lántaka** væri mun eðlilegra og minna fráhrindandi nafn. Embættinu er ætlað að leysa af hólmi *Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna*, sem er mun jákvæðara heiti, þó það embætti hafi ekki eins víðtækt starfsvið og hið nýja. Nýr umboðsmaður hefur forvarnar-, greiningar-, aðstoðar- og hagsmunagæslu- hlutverk gagnvart lántökum, auk þess að veita yfirvöldum greiningu á stöðu og þróun í skýrsluformi um stöðu mála. Starfsvið embættisins undirstrika enn frekar þörf fyrir jákvæðara heiti en lagt er upp með í frumvarpinu.

Í eðlilegum viðskiptaháttum neytenda og fjármálafyrirtækja teljast neytendur *viðskiptavinir* fjármálafyrirtækjanna, sama hvort þeir séu í lánaviðskiptum eða eiga innistæður. Á skuldabréfum lánaviðskipta er einnig algengt að aðilar séu tilgreindir lántaki og lánveitandi. Hins vegar er óþolandi aðstöðumunur undirstrikaður í innheimtulöggjöf og af innheimtulögmönnum, þar sem aðilar eru titlaðir *skuldari* og *lánadrottinn*. Í lögum um neytendalán, vanskil og húsnæðismál eru ýmis heiti á lántökum, ss. *eigandi*, *lántaki*, *lánþegi* og *skuldari*. Nafngift *lántaka* er ekki algild en orðið skuldari vísar einna helst til sálrænnar fjarlægðar og niðurlægingar innheimtulögfræðinga gagnvart neytendum til að styrkja stöðu sýna til árangursríkrar innheimtu. Á þetta er bent í því samhengi að skilningur flestra hefur aukist á að verulega hefur hallað á réttarstöðu neytenda í viðskiptum við fjármálafyrirtækin.

Samtökin telja allar kannanir sýna að neytendur vilji almennt standa við sinn hluta lánasamninga og telji sig *viðskiptavini* og *lántaka* í viðskiptasambandi við fjármálafyrirtæki. Í ljósi aðstæðna eru stjórnvöld að gera skrefin þung fyrir neytendur að leita sér aðstoðar hjá stofnun sem stimplar þá skuldara. Mikil hætta er á að verði nafni umboðsmanns ekki breytt muni færri nýta sér aðstöðina en ella, með neikvæðum afleiðingum fyrir alla aðila.

Því ítreka samtökin þá beiðni að þetta embætti verði kallað **Umboðsmaður lántaka**.

Virðingarfyllt,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna / [www.heimilin.is](http://www.heimilin.is)

Friðrik Ó. Friðriksson, formaður

Vilhjálmur Bjarnason meðstjórnandi

Alþingi  
Erindi nr. þ 138/2428  
komudagur 19.S. 2010

**Nefndasvið Alþingis**

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

**Hagsmunasamtök  
Heimilanna**



Reykjavík, 17. maí 2010

**Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna (HH) til Félags- og tryggingamálanefndar**

**Alþingis vegna þingskjals nr. 952, 562. máls, 138. löggjafarþingi, 2009-2010.**

Frumvarp til laga um umboðsmann skuldara.

**Aimenn**

Hagsmunasamtök heimilanna telja jákvætt skref stigið með því að koma á fót sérstöku embætti umboðsmanns skuldara. Samtökin gera það að tillögu sinni að nafni embættisins verði breytt í umboðsmaður „lántaka“. Samtökin telja hlutverk embættisins, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, ekki nægilega víðtækt og telja ástæðu til að veita embættinu auknar heimildir til að hafa frumkvæði að málum lántakendum til hagsbóta. Er þá bæði átt við samningslega stöðu lántakenda gagnvart lánveitendum og lagalegan rétt lántaka út frá sjónarmiðum neytenda á fjármálamarkaði. Samtökin telja að umboðsmaður skuldara þurfi að hafa stjórnsluheimildir til aðgerða gegn ítrekuðum brotum fjármálafyrirtækja gegn neytendum.

Hagsmunasamtök heimilanna telja að hugmyndin með stofnun embættis umboðsmanns skuldara missi að nokkru marks, ef ekki er sett kvöð um virka samvinnu og upplýsingagjöf milli allra stofnana/embætta á neytasviði, Fjármálaeftirlits og jafnvel aðila eins og efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra/sérstaks saksóknara um þau tilvik sem fyrir liggur staðfesting á jafnvel skipulögðum, ólögmaetum vinnubrögðum sem brjóta á réttindum neytenda.

Því ber að fagna að umboðsmaðurinn hafi fleiri hlutverk en að greiða úr og fylgja greiðsluferðleikamálum neytenda eftir. Samtökin hvetja til að forvarnarhlutverk verði styrkt með því að umboðsmaður geri einnig tillögur að lagabreytingum til að bæta stöðu neytenda. Einnig ber að fagna greiningarhlutverki umboðsmanns og hvetja samtökin til að niðurstöður verði teknar saman í skýrsluformi og birtar reglulega á væntanlegu vefsvæði embættisins.

Fá hagkerfi byggja að jafn miklu leyti á sjálfskuldarábyrgðum þegnanna og við Íslendingar, þar sem stærstu liðir fjárskuldbindinga neytenda eru húsnæðis- og bílalán. Þessar skuldbindingar, þeim tengdur rekstur og viðhald eru veigamikill grunnur alls hagkerfisins og því ætti vöktun á skulda- og greiðslubyrði og kröftug neytendavernd að vera í fóstum og reglulegum farvegi til efnahagsstjórnar, en ekki litin sem tímabundið bráðaverkefni.

Það þarf að horfa á viðfangsefnið í stærra samhengi, ekki síst í okkar samfélagi, sem byggir í jafn víðtækum mæli á sjálfseignarhaldi í íbúðarhúsnæði og heimsmeti í bílaeign á hvern íbúa og fleiri umfangsmiklum fjárskuldbindingum neytenda og að neytendavernd er hér bæði veik og lög um þau mál gloppótt. Hér eru neytendur látnir bera kostnað af ýmsum þáttum sem víðast annars staðar er í deildri ábyrgð almennings, sveitarfélaga og ríkis. Heildar meðalskuldir heimilanna námu um 25% af árs ráðstöfunartekjum meðalheimilis árið 1980, en hafa aukist nær stanslaust síðan og nema nú um 300% af árs ráðstöfunartekjum meðal heimilis. Skuldastaða íslenskra heimila er nú sú mesta innan OECD. Þessi þróun er verulegt áhyggjuefni, sem stjórnvöld verða að taka alvarlega til endurskoðunar. Því er mikilvægt að áreiðanlegar opinberar upplýsingar liggja fyrir, til að

meta skuldastöðu heimilanna í landinu. Stefnuleysi og ófullnægjandi aðgerðir í skuldamálum heimilanna munu að öllum líkindum leiða til lengri og dýpri samdráttar hagkerfisins, með tilheyrandi afleiðingum. Einhliða áhersla á greiðslugetu er alls ófullnægjandi nálgun á þeim vanda sem vegur nú hart að fjárhagslegu sjálfstæði heimila landsins.

Að lokum vilja samtökin hvetja stjórnvöld til að móta skýra stefnu um *viðsnúning á skuldavanda heimilanna*. Þá stefnu þarf að móta í samvinnu við hagsmunasamtök neytenda og aðila vinnumarkaðar. Efling embættis umboðsmanns lántaka til beinnar samvinnu með öðrum embættum á sviði neytendaverndar og eftirlits með samkeppni og starfsemi fjármálafyrirtækja væri mikilvægt skref í þá átt. Umboðsmaður lántaka getur í sambandi við endurskoðun annarra embætta á sviði neytendaverndar verið mikilvægt skref stjórnvalda og gefið skír skilaboð um nauðsynlega hugarfarsbreytingu og aðgerðir, sem stuðla að auknu trausti og sátt í samfélaginu.

Því fagna samtökin stofnun embættis umboðsmanns lántaka og gera kröfu um að allir starfsmenn embættisins séu faglega ráðnir til að starfa.

#### **Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins**

Varðandi 1. gr.:

Gerð er tillaga um að g. lið til viðbótar sem orðist svo: „hafa frumkvæði að málum sem bæti lagalega og samningslega stöðu lántakenda gagnvart lánveitendum.“

Varðandi 5. gr.:

Án þess að gera beina breytingartillögu vilja samtökin draga fram í dagsljósið efasemdir um hvort boðað fyrirkomulag sé það farsælasta. Samtökin hafa áhyggjur af því að tengsl á milli embættisins og fjármálastofnanna, sem er ætlað að standa straum af kostnaði við rekstur embættisins, kunni að verða of mikil. Samtökin leggja að minnsta kosti til að í staðinn fyrir að lánastofnanir hafi umsagnarrétt, þá verði umsagnarrétturinn takmarkaður við Samtök fjármálafyrirtækja. Spyrja má hvort eðlilegra fyrirkomulag væri að innheimta ríkisins sæi um að gjöld fjármálafyrirtækja skiluðu sér í ríkissjóð, sem aftur tryggði embættinu reglulega og tafarlausa fjárveitingu.

Varðandi ákvæði til bráðabirgða I:

Samtökin ætla ekki að gera athugasemd við það, að starfsmenn Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna flytjist (óski þeir þess) yfir til embættisins, en gera alvarlega athugasemd við að "starfsmann annarra ríkisstofnana sem kunna að verða lagðar niður skul[i] njóta forgangs til starfa hjá umboðsmanni skuldara". Samtökin telja að umboðsmaður skuldara þurfi að skilgreina/ákvarða hvaða hæfiskröfur þurfi að gera til starfsmanna embættisins og enginn verði ráðinn til embættisins nema viðkomandi uppfylli þær hæfiskröfur. Einnig telja samtökin mikilvægt að öll störf á vegum opinberra aðila séu auglýst opinberlega, svo tryggt sé að hæfasta fólk sé ráðið hverju sinni.

Virðingarfyllt,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna / [www.heimilin.is](http://www.heimilin.is)

  
Friðrik Ó. Friðriksson, formaður

  
Marinó G. Njálsson meðstjórnandi



Alþingi  
nefndarsvið  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 7. maí 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um umboðsmann skuldara, 562. mál.

Íbúðalánasjóður tekur ekki afstöðu til frumvarpsins efnislaga en telur þó rétt að koma að athugasemdum varðandi eftirfarandi:

um 5. gr.

Hér er tekið fram að lánastofnanir skv. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, skuli standa straum afkostnaði við rekstur umboðsmanns skuldara með greiðslu sérstaks gjalds. Rétt er að vekja athygli á því að Íbúðalánasjóður telst ekki vera fjármálafyrirtæki skv. þeim lögum. Í 5.mgr. sömu greinar er tekið fram að gjaldið skuli greitt í hlutföllum miðað við umfang útlánastarfsemi. Hér vakna spurningar um við hvað skuli miða í þessu efni, þ.e. hvort miða eigi við ný útlán eða heildarútlán viðkomandi lánastofnunar. Taka má undir sjónarmið fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins í þessu efni.

Virðingarfyllst,

Einar Jónsson hdl.

Félags- og tryggingamálanefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík


Reykjavík, 7. maí 2010

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um umboðsmann skuldara, 562. mál.**

Landssamtök lífeyrissjóða (LL) hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar.

LL telja að frumvarp þetta sé til mikilla bóta og mæla með samþykki þess. Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna, sem stofnað var sem tilraunaverkefni á árinu 1996, hefur fyllilega staðið undir væntingum í tímans rás. Undir þau sjónarmið er nú hins vegar tekið, að komið að ákveðnum tímamótum í starfsemi Ráðgjafastofunnar og því sé eðlilegt að Embætti umboðsmanns skuldara taki við verkefnum hennar.

LL vilja þó gera athugasemd við ákvæði 3. greinar frumvarpsins, þar sem fjallað er um upplýsingaöflun umboðsmanns skuldara. Í ákvæðinu er um að ræða mjög víðtæka heimild til öflunar upplýsinga og þarf að skoða ákvæðið nánar m.a. með hliðsjón af 32. grein laga um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða, þar sem fjallað er um þagnarskyldu. Eðlilegt er að ákvæði 3. greinar frumvarpsins um upplýsingaöflun nái fyrst og fremst til stjórnvalda.

Virðingarfyllt  
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA  
  
Hrafn Magnússon

Alþingi  
Erindi nr. Þ 138/1993  
komudagur 6.5.2010

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND  
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

  
NEYTENDASAMTÖKIN

HVERFISGÖTU 105  
101 REYKJAVÍK

SÍMI 545 1200  
FAX 545 1212  
Netfang ns@ns.is  
www.ns.is

Nefndasvið Alþingis  
Félags- og tryggingamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. maí 2010


**EFNI: Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um umboðsmann skuldara, 562. mál.**

Neytendasamtökin fagna mjög þeim hugmyndum sem fram koma í framangreindu frumvarpi, enda telja samtökin ekki vanþörf á því að sett sé á fót sérstök stofnun umboðsmanns skuldara er sinni þeim verkefnum sem tíunduð eru í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Að þessu sögðu gera samtökin þó eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

**Um d- og e-lið 2. mgr. 1. gr.:** Neytendasamtökin fagna því að umboðsmanni skuldara sé ætlað að taka við erindum og ábendingum skuldara um ágalla á lánastarfsemi og að gæta hagsmuna skuldara og bregðast við þegar brotið er á þeim. Hins vegar telja samtökin ekki koma nægilega vel fram hvernig umboðsmanni sé ætlað að sinna þessum verkefnum. Þannig kemur ekki fram til hverra úrræða umboðsmaður getur gripið sé t.a.m. um að ræða ágalla á lánastarfsemi eða brotið er á rétti skuldara. Ekki er heldur ljóst hvort úrræði og heimildir umboðsmanns til að bregðast við eru á sviði einka- eða allsherjarréttar. Að því er varðar neytendalán, en ætla má að það séu helst þau sem koma til kasta umboðsmanns, er jafnframt vert að hafa í huga að skv. 1. mgr. 25. gr. 1. nr. 121/1994 um neytendalán er það Neytendastofa sem hefur eftirlit með ákvæðum þeirra laga. Til að embætti umboðsmanns skuldara geti náð tilgangi sínum telja Neytendasamtökin brýnt að óvissu um þessi atriði sé eytt, að ljóst sé hvaða valdheimildir embættið hefur vegna d- og e-liðar 2. mgr. 1. gr. og að ekki sé óvissa um valdmörk umboðsmanns skuldara annars vegar og Neytendastofu hins vegar.

Að öðru leyti gera Neytendasamtökin ekki athugasemdir og hvetja eindregið til samþykktar frumvarpsins.

Virðingarfyllst,  
f.h. Neytendasamtakanna,  
  
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2838  
komudagur 11.6.2010

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND  
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

**NS**  
NEYTENDASAMTÖKIN

HVERFISGÖTU 105  
101 REYKJAVÍK

SÍMI 545 1200  
FAX 545 1212  
Netfang ns@ns.is  
www.ns.is

Nefndasvið Alþingis  
Félags- og tryggingamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík, 11. júní 2010

**Efni: Umsögn Neytendasamtakanna við frumvarp til laga um umboðsmanna skuldara, 562. mál.**

Neytendasamtökin fagna mjög þeim hugmyndum sem fram koma í framangreindu frumvarpi, enda telja samtökin ekki vanhörf á því að sett sé á fót sérstök stofnun umboðsmanns skuldara er sinni þeim verkefnum sem tíunduð eru í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Neytendasamtökin styðja því frumvarp þetta og hvetja eindregið til samþykktar þess.

Virðingarfyllst,  
f.h. Neytendasamtakanna,

  
Johannes Gunnarsson formaður

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 07.05.2010  
Tilv. 2010/0592, 562 - 0.0.01  
MS

**Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um umboðsmann skuldara, 562. mál**

Neytendastofa vill með bréfi þessu koma á framfæri athugasemdum við frumvarp til laga um umboðsmann skuldara, þskj. 952 – 562. mál.

Umsögnin skiptist í tvo kafla, þ.e. í fyrsta lagi athugasemdir sem að mati Neytendastofu varða einkum snertifleti frumvarpsins við löggjöf sem Neytendastofu er falið að hafa eftirlit með og í öðru lagi er um að ræða önnur almenn atriði varðandi frumvarp þetta.

**I. Snertifletir frumvarpsins við gildandi lög á sviði neytendamála.**

***Um a-lið 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins:***

Í a-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að hlutverk umboðsmanns skuldara sé að veita „einstaklingum“ endurgjaldslausu aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til lausna.

Í lögum um neytendalán sem falla undir eftirlit Neytendastofu er hugtakið „neytandi“ skýrt þannig:

*„Neytandi er einstaklingur sem á lánsviðskipti sem lög þessi ná til, enda séu þau ekki gerð í atvinnuskyni af hans hálfu.“*

Neytendastofu telur að ekki sé ljóst af orðalagi a-liðar 1. gr. hvort umboðsmaður skuldara aðstoði einstaklinga sem eru með skuldir tengdar atvinnurekstri eða hvort eingöngu eigi að veita „neytendum“ slíka aðstoð. Lagt er til að þetta verði skýrt nánar.

***Um d- og e-lið 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins:***

Neytendastofa gerir athugasemdir við **d- og e- lið 2. mgr. 1. gr.** sem eru svohljóðandi í frumvarpi því sem liggur fyrir Alþingi:

*„d. taka við erindum og ábendingum skuldara um ágalla á lánastarfsemi,  
e. gæta hagsmuna skuldara og bregðast við þegar brotið er á þeim;“...*

Ekki er nánar skýrt í ákvæðum frumvarpsins eða greinargerð með hvaða hætti umboðsmaður



skuldara eigi að sinna þessu hlutverki sínu.

Neytendastofa hefur eftirlit með lögum nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Stofnunin hefur einnig eftirlit með lögum nr. 121/1994 um neytendalán, sem taka til lánasamninga sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytendur. Neytendastofa hefur öll nauðsynleg stjórnvaldsúrræði til að bregðast við ef brotið er gegn lögbundnum réttindum neytenda í lánessamningum sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytendur. Úrræði Neytendastofu geta falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnum skilyrðum. Stofnunin hefur auk þess heimild til að beita sektum vegna brota á ákvæðum laganna.

Í viðauka við bréf þetta er að finna yfirlit til upplýsingar fyrir Alþingi um ákvarðanir sem Neytendastofa hefur tekið vegna ágreiningsmála sem hafa komið upp í lánastarfsemi fjármálafyrirtækja í neytendalánasamningum. Þess má einnig geta að ýmis mál eru enn til umfjöllunar hjá stofnuninni sem varða starfsemi lánafyrirtækja og geta fallið undir framangreind lagaákvæði en málafjöldi á sviði neytendalána hefur aukist mjög í aðdraganda og í kjölfar bankahrunsins haustið 2008. Enn fremur hefur stofnunin unnið að því að svara fyrirspurnum og vinna að málum vegna lánasamninga neytenda án þess að þau mál hafi leitt til formlegrar ákvörðunar af hálfu stofnunarinnar.

Starfsemi Neytendastofu er á sviði allsherjarréttar en af frumvarpinu má ráða að fyrirhuguð starfsemi umboðsmanns skuldara sé alfarið á sviði einkaréttar með sama hætti og Ráðgjafarstofa um fjármál heimila hefur gert um árábil.

Heildarfjöldi skuldara sem þurfa slíka einkaréttarlega aðstoð hefur aukist a.m.k. tímabundið vegna bankahrunsins. Neytendastofa telur því til bóta að styrkja slíka starfsemi Ráðgjafarstofunnar að þessu leyti en hér eftir sem hingað til mun Neytendastofa vísa neytendum sem þurfa á slíkri aðstoð áfram til Ráðgjafarstofunnar.

Í frumvarpinu er ekki lagt til að umboðsmaður hafi nein úrræði enda eru þau bæði óþörf skv. framansögðu og óljóst hver þau ættu að vera miðað við efni frumvarpsins. Sem fyrr segir er meginhlutverk umboðsmanns samkvæmt ákvæðum frumvarpsins að veita aðstoð við neytendur við að ná heildarsýn yfir fjármál sín og leita lausna í samningum þeirra við lánveitendur og aðra sambærilega aðstoð á sviði einkaréttarins.

Neytendastofa telur hins vegar nauðsynlegt að sú skylda hvíli á embætti umboðsmanns skuldara að verði það vart við það í starfi sínu að ágallar séu á lánastarfsemi lánveitanda hjá skuldara sem nýtur aðstoðar embættisins þá skuli það senda ábendingar um það efni til hlutaðeigandi stjórnvalda s.s. Neytendastofu eða Fjármálaeftirlitsins, eftir því sem við getur átt.

Neytendastofa leggur því til að ákvæði d og e-liðar orðist þannig:

*d. taka við erindum og ábendingum skuldara um ágalla á lánastarfsemi og senda til viðeigandi eftirlitsstjórnvalds,*

*e. gæta hagsmuna skuldara og veita honum aðstoð þegar það á við.*

Neytendastofa vill einnig með vísan til framangreindra sjónarmiða leggja áherslu á að í lögnum komi skýrt fram hvert hlutverk umboðsmanns skuli vera. Auk þess verði Alþingi að huga að og taka fullt tillit til hlutverks annarra eftirlitsstjórnvalda eða nefnda við setningu laganna; s.s. Neytendastofu, Fjármálaeftirlitsins og úrskurðarnefndar í viðskiptum við

fjármálafyrirtæki. Stofnunin vill í því sambandi benda á að í grein Páls Hreinssonar *Valdmörk stjórnvalda* sem birtist í Tímariti lögfræðinga, 4. tölubl., 55. árg. 2005, bls. 447-497, er á bls. 463 fjallað um vandamál sem orsakast af óskýrum valdmörkum. Þau sjónarmið eiga einnig við þegar í lögum er verið að setja reglur um gildissvið og hlutverk stofnana þrátt fyrir að þær fari ekki með eiginlegt stjórnarsýsluvald, sbr. það embætti umboðsmanns skuldara sem verið er að leggja til með frumvarpinu. Þar segir m.a.: „Í fyrsta lagi getur farið mikill tími og fjármunir í valdabaráttu á milli stofnana á hlutaðeigandi sviði sem oftast kemur niður á borgurunum sem leita þurfa eftir afgreiðslu með mál sín. Opinberir fjármunir fara því til spillis auk þess sem almenningur fær ekki viðunandi þjónustu frá hinu opinbera. Í öðru lagi getur það gerst, ef um erfiðan og óvinsælan málaflökk er að ræða, að ekkert stjórnvald vilji kannast við að það sé bært á hlutaðeigandi sviði. Þegar svo stendur á koma borgararnir „að lokuðum dyrum“ hjá stjórnvöldum og fá ekki úrlausn mála sinna. Hvorugur kosturinn er góður og því er það þýðingarmikið að vandað sé til löggjafar þegar mælt er fyrir um valdmörk stjórnvalda“.

## II. Önnur almenn atriði og sjónarmið.

Í I. kafla hér að framan er þess getið að nauðsynlegt er að mati Neytendastofu að skerpa ákvæði um hlutverk umboðsmanns skuldara og að hlutverk hans sé á sviði einkaréttar en ekki allsherjarréttar.

Auk þess eru nokkur önnur almenn atriði sem vert er að benda í tilefni af framlagningu frumvarpsins, sbr. umfjöllun hér á eftir um þau ákvæði sem einkum þykir rétt að benda á.

### *Um 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins:*

Í 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins er að finna eftirfarandi ákvæði:

*„Ákvörðunum umboðsmanns skuldara verður ekki skotið til ráðherra, nema sérstaklega sé mælt fyrir um það í lögum“.*

Neytendastofa telur ljóst af ákvæðum frumvarpsins að stefnt er að því að veita einstaklingum ákveðna þjónustu við yfirferð lánessamninga sem þeir hafa þegar gert við lánveitendur, fara yfir skuldastöðu þeirra þannig að þeir nái heildarsýn um fjármál sín svo og samningagerð við lánafyrirtæki. Auk þess má ráða af b-lið 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins að hlutverk umboðsmanns skuldara sé að hafa „milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottna“ eftir að vanskil hafa orðið hjá neytendum. Í þeirri starfsemi felst ekki að verið sé að taka neinar stjórnvaldsákvörðanir. Þetta er þjónusta sem er fyrst og fremst einkaréttarlegs eðlis.

Í riti Páls Hreinssonar *Stjórnarsýslulögin: skýringarrit* er hugtakið „stjórnvaldsákvörðun“ skilgreint, sjá bls. 44-45. Þar segir að um slíkar ákvörðanir gildi ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Líta verði m.a. til þess hvort að ákvörðunin sé „lagalegs eðlis“, þ.e. færir mönnum réttindi eða skerðir réttindi þau, léttir skyldum af mönnum eða leggur á þær auknar byrðar“. Jafnframt segir þar að „Þær ákvörðanir stjórnvalda sem ekki eru teknar í skjóli stjórnarsýsluvalds, t.d. þær sem eru einkaréttarlegs eðlis, teljast heldur ekki stjórnvaldsákvörðanir“ en þess þó jafnframt getið að ákvæði II. kafla stjórnarsýslulaga um sérstakt hæfi gildi einnig um gerð samninga einkaréttarlegs eðlis.

Í stjórnarsýslulögum kemur skýrt fram í 26. gr. laganna að þegar um er að ræða stjórnvaldsákvörðun þá skuli ávallt heimilt að kæra slíkar ákvörðanir til æðra stjórnvalds.

Í ákvæði 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins er notað orðið „ákvörðun“ sem er villandi orðalag að mati Neytendastofu enda virðist ljóst að frumvarpshöfundar telja að ekki sé um að ræða stjórnvaldsákvörðun sem lúti almennum reglum stjórnsýslulaga og þar með venjulegum kærurétti til æðra stjórnvalds heldur ákvarðanir sem eru ekki lagalegs eðlis heldur á sviði einkaréttar og falli því ekki undir kæruehimild stjórnsýslulaga.

Til að forðast misskilning leggur Neytendastofa til að í stað orðsins „Ákvörðun“ þá verði fremur notað orðið „Afgreiðslu“ eða „Niðurstöðum“ eða annað þess háttar orðalag í 4. mgr. 2. gr. sem samræmist betur hugtakanotkun í stjórnsýslulögunum og þeirri staðreynd að ákvarðanir embættisins samkvæmt frumvarpinu, ef að lögum verður, eru ekki stjórnvaldsákvæðanir.

#### **Um 5. gr. frumvarpsins:**

Í 5. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um gjalddöku. Ákvæðin eru fremur óskýr varðandi álagningargrunn. Auk þess er í 7. mgr. 5. gr. kveðið á um að ráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um greiðslu eftirlitskostnaðar. Í því sambandi er rétt að vekja athygli á álitum umboðsmanns Alþingis, m.a. frá árinu 1995 þar sem vakin hefur verið athygli á því að í 77. gr. stjórnarskrár lýðveldisins segir: „*Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann*“. Auk þess má benda á að nú þegar eru í gildi lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og væri e.t.v betur fallið að setja inn í þau lög ákvæði um greiðslu kostnaðar vegna þeirrar starfsemi sem frumvarp þetta kveður á um.

#### **Um ákvæði I til bráðabirgða**

Í 3. málslíð er svofellt ákvæði:

*„Starfsmenn annarra ríkisstofnana sem kunna að verða lagðar niður skulu njóta forgangs til starfa hjá umboðsmanni skuldara“.*

Vakin er athygli á óljósu orðalagi í þriðja málslíð ákvæðisins en ekki er í greinargerð að finna skýringar á ákvæðinu sem nauðsynlegt er að bæta úr.

Mikilvægt er að mati Neytendastofu að hafa í huga að frumvarp þetta hefur að meginmarkmiði að setja lagaramma utan um núverandi starfsemi Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og ber því að sníða ákvæði þess að starfsheimildum og þjónustu sem þar hefur verið veitt á undanförmum árum með góðum árangari fyrir neytendur sem eru komnir í greiðsluþrot eða hafa misst yfirsýn yfir fjármál sín.

Virðingarfyllt

f.h. Neytendastofu

Tryggvi Axelsson

Forstjóri

*Þórunn Anna Árnadóttir*  
Þórunn Anna Árnadóttir  
Sviðsstjóri

**Viðauki**

**Mál á sviði neytendalána og málefnum skuldara hjá Neytendastofu - yfirlit**

**Mál nr. 19/2005**

Uppgreiðslugjald af neytendalánnum

**Mál nr. 6/2009:**

Kvörtun Guðmundar Hauks Sigurðarsonar yfir skilmálum myntkörfuláns Kaupþings banka hf.

**Mál nr. 25/2009:**

Breyting á skilmálum bílasamninga SP – fjármögnunar h.f.

**Mál nr. 1/2010:**

Kvörtun vegna gengistryggðs bílasamnings við Avant

**Mál nr. 21/2010:**

Breytilegir vextir á bílaláni frá Avant

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/2839*  
*komudagur 11.6.2010*

**From:** Vigdis@personuvernd.is [mailto:Vigdis@personuvernd.is]

**Sent:** 11. júní 2010 14:28

**To:** Hildur Eva Sigurðardóttir

**Subject:** Umboðsmaður skuldara, frumvarp og nefndarálit - Afstaða Persónuverndar

Sæl Hildur.

Vísað er til fyrri samskipta vegna frumvarps um umboðsmann skuldara og tölvubréfs frá nefndarsviði Alþingis um nefndarálit og drög að breytingum á frumvarpi um umboðsmann skuldara.


Persónuvernd gerir engar athugasemdir við framkomnar breytingar eða nefndarálit félags- og tryggingamálanefndar. Hins vegar vill stofnunin ítreka fyrri ábendingar sínar um að skýrt komi fram, annað hvort í bráðabirgðaákvæði í frumvarpinu sjálfu eða í nefndaráliti, hvernig yfirfærslu gagna og upplýsinga frá Ráðgjafarstofu heimilanna verði háttað.

Með kveðju,

Vigdís Eva Línadal  
Lögfræðingur hjá Persónuvernd  
s. 510-9604  
[www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is)

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1903  
komudagur 4.5.2010

Nefndasvið Alþingis  
Kristjana Benediktsdóttir,  
skjalavörður  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 21. apríl 2010  
Tilvísun: 2010040387VEL/--

## Umsögn

### Persónuverndar um frumvarp til laga um umboðsmann skuldara

Persónuvernd vísar til tölvubréfs yðar, dags. 21. apríl 2010, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um umboðsmann skuldara (562. mál á 138. löggjafarþingi, þskj. 592. Stofnunin hefur kynnt sér frumvarpið, en tekið skal fram að athugun hennar byggist eingöngu á sjónarmiðum sem liggja að baki lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þ.e. um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Tjáir hún sig ekki um efni frumvarpsins að öðru leyti.

#### I.

Af 1. og 3. gr. frumvarpsins verður ekki annað ráðið en að töluverð vinnsla persónuupplýsinga sé nauðsynleg þannig að umboðsmaður skuldara geti sinnt því hlutverki sem honum er ætlað samkvæmt 1. gr. frumvarpsins. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 77/2000 taka þau til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga og til handvirktrar vinnslu sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Ef um slíka vinnslu er að ræða verður að huga að ákvæðum laga nr. 77/2000, þ.e. 7. gr. um gæði gagna og vinnslu, 8. og 9. gr. um hvenær er heimilt að vinna með persónuupplýsingar, 11. gr. um öryggi persónuupplýsinga og 12. gr. um innra eftirlit ábyrgðaraðila. Gera verður ráð fyrir að umboðsmanni skuldara sé skylt að fylgja þeim reglum sem þar koma fram, sbr. ákvæði 44. gr. laga nr. 77/2000 um, tengsl við ákvæði annarra laga. Enn fremur má ráða af frumvarpinu að Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna verði lögð niður. Persónuvernd telur að þá sé nauðsynlegt að huga að því hvernig mögulegri yfirfærslu upplýsinga um „viðskiptavini“ frá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna til umboðsmanns skuldara verður háttað með hliðsjón af fyrrgreindum ákvæðum.

Í 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að umboðsmanni skuldara verði heimilt að gera þjónustusamning við utanaðkomandi aðila um vinnslu mála fyrir stofnunina en hvorki er í ákvæðinu né í athugasemdum við ákvæðið að finna nánari tilgreiningu á því í hverju sú vinna felist. Ef um vinnslu persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000 er að ræða, má ætla að umboðsmanni skuldara sé skylt að taka mið af ákvæði 13. gr. laga nr. 77/2000 um trúnaðarskyldu vinnsluaðila sem og þeim ákvæðum sem vísað er til hér að framan.

## II.

Í samræmi við framangreint leggur Persónuvernd til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á því frumvarpi sem nú hefur verið lagt fram:

1. Sett verði nánari ákvæði um vinnslu persónuupplýsinga hjá umboðsmanni skuldara og hvernig öryggi gagna verði tryggt í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000.
2. Sett verði nánari ákvæði um hvernig yfirfærslu persónuupplýsinga um „viðskiptavini“ Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna verði háttað, ef um slíkt er að ræða.
3. Sett verði nánari ákvæði um vinnslusamninga milli ábyrgðaraðila og vinnsluaðila, sbr. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins og 13. gr. laga nr. 77/2000.


Persónuvernd minnir að lokum á að friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu er verndað af 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, en hann hefur lagagildi hér á landi, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1994.

Virðingarfyllt  
f.h. forstjóra Persónuverndar



Vigdís Eva Línal  
lögfræðingur

Nefndasvið Alþingis  
Kristjana Benediktsdóttir,  
skjalavörður  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 12. maí 2010

Tilvísun: 2010040387VEL/--

Persónuvernd vísar til fundar félags- og tryggingamálanefndar með forstjóra Persónuverndar þann 11. maí sl. Á fundinum var þess óskað að stofnunin setti fram tillögur að breyttum texta frumvarpsins á grundvelli tillagna sem fram komu í umsögn stofnunarinnar, dags. 21. apríl 2010.

Eftirfarandi eru tillögur Persónuverndar.

### I.

Við 3. mgr. 2. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

„Ef um vinnslu persónuupplýsinga er að ræða skal vinnslan fullnægja skilyrðum 8. og eftir atvikum 9. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Einnig skulu umboðsmaður skuldara og vinnsluaðili gera með sér vinnslusamning í samræmi við 13. gr. sömu laga.“

### II.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

„Upplýsingasöfnun umboðsmanns skuldara er háð því skilyrði að hún sé nauðsynleg og sé í samræmi við samþykki skuldara fyrir vinnslunni og fylgt sé ákvæðum 21. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga um fræðsluskyldu ábyrgðaraðila þegar upplýsinga er aflað frá öðrum en hinum skráða.“

### III.


Að lokum minnit Persónuvernd á fyrri athugasemdir sínar, annars vegar þær er komu fram í bréfi stofnunarinnar til nefndarinnar, dags. 21. apríl sl. Hins vegar á fundi nefndarinnar og forstjóra Persónuverndar þann 11. maí sl. þar sem minnt var á að löggjafinn þurfi að leggja mat á hvaða gögn það skuli vera sem hægt verði að óska eftir í tengslum við framkvæmd greiðsluáðlgunar.



Einnig þarf að taka af tvímæli um hvort úrræðið teljist til vanskila eða ekki sem fjárhagsupplýsingastofur mega safna og miðla, sbr. reglugerð nr. 246/2001 um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust.

Enn fremur telur stofnunin nauðsynlegt að kveðið verði á með skýrum hætti hvort og þá hvernig yfirfærslu upplýsinga verði háttað frá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna.

Virðingarfyllst



Vigdís Eva Línal  
lögfræðingur



Alþingi  
Erindi nr. þ 138/2041  
komudagur 7.5.2010

Nefndasvið skrifstofu Alþingis  
Félags- og tryggingamálanefnd  
Ansturstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2010

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um umboðsmann skuldara (562. mál)

Í frumvarpinu er lagt til að stofnað verði sérstakt embætti umboðsmanns skuldara sem verður byggt á grunni Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Þessu nýja embætti er ætlað mun viðameira hlutverk en Ráðgjafarstofa hefur sinnt til þessa. Mikilvægt er að vandað verði til verka varðandi undirbúning að nýju embætti. Ganga þarf svo frá málum að skipulagning, þarfagreining, starfsmannamál, húsnæðismál o.fl. verði að mestu frágengin þegar nýtt embætti tekur til starfa. Útbúa þarf m.a. skipurit, greina starfsmannaþörf, fara í viðræður við núverandi starfsmenn um framtíðina og gerð verkferla. Að mati Ráðgjafarstofu er þetta lykilatriði áður en nýtt embætti verður reist á grunni stofunnar. Ráðgjafarstofa hefur í gegnum árin verið rekin sem tímabundið verkefni innan stjórnsýslunnar og er jákvætt að koma aðstoð vegna greiðsluferfiðleika einstaklinga og fjölskyldna í skýrara form og að þessi aðstoð hafi stöð í lögum. Hins vegar þarf að gæta þess að félagslegi þátturinn gleymist ekki og að þessi aðstoð er sérhæfð og getur verið mjög flókin og tímafrek. Mikil áhersla hefur verið lögð á þennan þátt í starfi Ráðgjafarstofu og að þeim einstaklingum sem leita sér aðstoða vegna greiðsluferfiðleika sé vel tekið og þeir fái alla þá aðstoð og leiðbeiningar sem unnt er. Er það ósk Ráðgjafarstofu að litið sé til þess við undirbúning og stofnun embættisins.

### Aths. við 1. gr. frumvarpsins

Í frumvarpi er í 1. gr. kveðið á um hlutverk umboðsmanns og er það mun viðameira er hlutverk Ráðgjafarstofu í dag. Ráðgjafarstofa hefur starfað í rúm 14 ár og er mikilvægt að halda áfram þeirri vinnu og viðhalda þeirri þekkingu og mannauði sem hefur myndast á þessum tíma. Varðandi hlutverk umboðsmann skuldara skortir að getið sé um að veita þeim sem leita til umboðsmanns hjálp til sjálfshjálpar, en það hefur verið meginmarkmiðið varðandi aðstoð Ráðgjafarstofu. Einnig er mikilvægt að í b. lið 1. gr. þar sem kveðið er á um að hlutverk umboðsmanns sé að hafa milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottna með hagsmuni skuldara að leiðarljósi að sett sé sem meginmarkmið að skuldari geri þetta sjálfur. Það sé háð mati umboðsmanns hve mikil aðstoð eigi við í hverju tilfalli. Það hefur reynst vel í starfi Ráðgjafarstofu að virkja einstaklingana eins og unnt er. Reynslan af þeim málum sem hefur verið fylgt eftir hefur sýnt að sú vinna er mjög tímafrek og hefur ekki skilað þeim árangri sem leitað er eftir. Að sjálfsögðu er veitt sú aðstoð sem þarf en það er gert ef annað bregst. Einnig er í d. lið kveðið á um að taka við erindum og ábendingum skuldara um ágalla á lánastarfsemi. Talið er að þetta sé of þröngt og ekki eigi að einskorða við ágalla á lánastarfsemi.

#### **Aths. við 4 gr. frumvarpsins**

Varðandi fjármögnun embættisins er athyglisvert að Íbúðalánasjóður sé ekki tekin með í fjármögnun. Frá upphafi hefur Ráðgjafarstofan verið í nánú samstarfi við Íbúðalánasjóð og unnið umsóknir um greiðsluferfiðleikaaðstoð fyrir sjóðinn, sbr. Samkomulag um aðgerðir vegna greiðsluvanda frá 14. apríl 1999 og var við stofnun stofunnar greiðsluferfiðleikadeild sjóðsins lögð niður. Lagt er til að hann taki þátt í fjármögnun embættisins.

#### **Aths. við 7. gr. frumvarpsins**

Hér er lagt til að lögin öðlist þegar gildi. Þar sem lagt er til að Ráðgjafarstofa verði lögð niður og að embætti umboðsmanns taki við liggur fyrir að ákveðið tómarúm myndast. Starf forstöðumanns Ráðgjafarstofu verður lagt niður og starf umboðsmanns verður auglýst. Þarf að gera ráð fyrir þessu í frumvarpinu og kanna hvernig á að leysa úr þessu þannig að ekki myndist óvissutímabil. Er talið skynsamlegt að miða gildistöku við ákveðinn dag. Sá sem verður ráðinn umboðsmaður þarf að geta tekið þátt í undirbúningi, mótað embættið og komið að gerð verkferla.

#### **Aths. við Ákvæði til bráðabirgða I.**

Starf hjá Ráðgjafarstofu er flókið og erfitt starf sem reynir mikið á mannlega þætti og hæfni til að vinna með fólki í erfiðleikum. Spurningarmerki er sett við að starfsmenn annarra ríkisstofnana sem kunni að vera lagðar niður njóti forgangs til starfa hjá umboðsmanni skuldara.

Í dag er mikið álag á starfsemi Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Það eru yfir 500 mál sem bíða úrlausnar. Skiptist þetta nánast til helminga, þ.e. ráðgjafarmál og aðstoð við umsóknir um greiðsluáðlögun. Það liggur því fyrir að strax við stofnun nýs embættis verður mikill málafjöldi sem fylgir og að auki má búast við mikilli aukningu á málum m.a. vegna nýrra úrræða og annarra breytinga sem koma fram í frumvörpunum tveimur um greiðsluáðlögun. Þetta þarf að undirbúa vel og finna lausnir.

Mörgum spurningum er einnig ósvarað varðandi uppgjör Ráðgjafarstofu og niðurlagningu hennar. Ítrekað er mikilvægi þess að gera þetta með vönduðum hætti og er talið skynsamlegt að ákveðin undirbúningsnefnd vinni að því. Að lokum skal taka fram mikilvægi þess að vandað sé til verka og í því árferði sem við lifum núna er það enn mikilvægara. Óvissa, óöryggi og illa undirbúnir starfsmenn er eitthvað sem verður að forðast og er talið að undirbúningurinn sé lykilatriði í því að þetta embætti standi undir væntingum.

Hér er tæpt á því helsta en áskilinn er réttur til að koma að frekari athugasemdum ef svo ber undir.

Virðingarfyllst,  
f.h. Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna

Ásta S. Helgadóttir forstöðumaður

**Fundur Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna,  
kl. 8:30-10:00 - 6. maí 2010**

**Mætt:** Böðvar Héðinsson, Ásta S. Helgadóttir, Gísli Jafetsson, Gylfi Örn Guðmundsson, Hildur Kristín Friðleifsdóttir, Stella K. Víðisdóttir og Margrét Erlendsdóttir sem skrifar fundargerð.

**Frumvarp um greiðsluáðlögun og frv. um umboðsmann skuldara**

Rætt um hlutverk og verkefni umboðsmanns skuldara skv. frumvarpinu. ÁSH ræddi ýmis atrið sem hún telur að þurfi að skýra við afgreiðslu þess. Búið er að stofna undirbúningshóp til að undirbúa stofnun umboðsmanns skuldara á grunni Ráðgjafarstofu.

Samþykkt eftirfarandi bókun:

*„Framkvæmdastjórn Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna lýsir áhyggjum af þeim breytingum sem kveðið er um í frv. til laga um umboðsmann skuldara og varða núverandi verkefni og stöðu Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Lítur framkvæmdastjórnin einkum til hlutlausrar ráðgjafar á hennar vegum og þess samstarfs sem byggt hefur verið á til fjölda ára sem gæti verið varpað fyrir róða með setningu laga um umboðsmann skuldara”*



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2617  
komudagur 31.5.2010

Alþingi  
Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. maí 2010

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um umboðsmann skuldara. Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010, þskj. 952 —562. mál.**

Velferðarsviði Reykjavíkurborgar hefur borist með tölvupósti beiðni nefndarsviðs Alþingis, um umsögn varðandi ofangreint frumvarp en í því er lagt til að stofnað verði sérstök ríkisstofnun um umboðsmann skuldara.

Af hálfu Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar eru ekki gerðar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

F.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,

Kristín Ösp Jónsdóttir, lögfr.

Alþingi, félags- og tryggingamálanefnd  
vt. Hildur Eva Sigurðardóttir  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. apríl 2010 02-2010040987  
T-ums 23/10

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um umboðsmann skuldara - 562. mál, þskj. 952.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 21. apríl 2010 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um umboðsmann skuldara - 562. mál, þskj. 952.

Með frumvarpinu er mælt fyrir um að embætti umboðsmanns skuldara verði sett á fót. Embættinu er ætlað að veita einstaklingum sem eiga í verulegum greiðsluferfiðleikum endurgjaldsloausa aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til lausnar, hafa milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottna skuldara og fara með framkvæmd greiðsluáðlögunar. Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að umboðsmaður skuldara hafi heimild til að krefja stjórnvöld um þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að stofnunin geti sinnt hlutverki því sem henni er falið í lögum.


Ríkisskattstjóri telur nauðsynlegt að verksvið umboðsmanns skuldara verði afmarkað með afgerandi hætti. Verði í því samhengi m.a. horft til þess hvernig talsmaður neytenda skilgreinir eigið verksvið. Ella er hætt við að skörun verði á verksviði umboðsmanns skuldara og talsmanns neytenda. Er unnt að gera það þannig að ekki komi til þess að litið verði á vanskil almennt og úrræði vegna þeirra sem neytendamál.


Ríkisskattstjóri gerir athugasemd við 3. gr. frumvarpsins þar sem verulegt frávik er frá gildandi ákvæðum um þagnarskyldu skattyfirvalda. Skattyfirvöld eru skv. lögum bundin viðtækum trúnaði um þau atriði sem þau fá vitneskju um. Athugunarvert er að frumvarpið gerir ráð fyrir að frá þeim trúnaði verði vikið án nokkurra takmarkana eins og orðalag frumvarpsins virðist gera ráð fyrir. Ríkisskattstjóri vill af þessu tilefni benda á að embættið hefur viðtæka upplýsingaskyldu t.a.m. gagnvart Tryggingastofnun ríkisins og Vinnumálastofnun en skjólstæðingar beggja stofnananna hafa veitt samþykki sitt fyrir því að upplýsinga sé leitað hjá skattyfirvöldum áður en upplýsingaöflun fer fram.

Vill ríkisskattstjóri áréttta mikilvægi þess að ekki sé vikið frá þagnarskyldu skattyfirvalda og bendir á þá leið að umboðsmanni skuldara verði ekki heimilt að leita eftir upplýsingum hjá skattyfirvöldum nema að undangengnu skriflegu samþykki frá þeim skuldurum sem til umboðsmannsins leita. Slíkt samþykki ætti að vera auðfengið með sama hætti og skjólstæðingar annarra stofnana veita hlutaðeigandi stofnunum.


Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggert Þórðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir





Alþingi  
Erindi nr. P 138/1959  
komudagur 5.5.2010

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
félags- og tryggingamálanefnd

Reykjavík 5. maí 2010

Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

1004017SA  
Málalykill: 150

### Efni: Frumvarp til laga um umboðsmann skuldara - 562. mál

Frumvarpið barst Sambandi Íslenskra sveitarfélaga til umsagnar, með tölvupósti nefndasviðs Alþingis þann 21. apríl sl. Áður hafði sambandið fengið frv. sent með bréfi félags- og tryggingamálaráðuneytisins dags. 16. apríl sl.

Af hálfu sambandsins er ekki gerð athugasemd við að umboðsmaður skuldara verði settur á laggirnar, sem ríkisstofnun á grundvelli ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna.


Sambandið leyfir sér hins vegar að áréttu athugasemdir við ráðagerðir um valdsvið hinnar nýju stofnunar samkvæmt frv. til laga um greiðsluáðlögun einstaklinga, 560. mál.

Ennfremur er bent á að nokkuð skýtur skökku við að gjaldtaka af lánastofnunum sem ekki veita lán til einstaklinga og heimila standi undir rekstri umboðsmanns skuldara, sbr. 1. mgr. 5. gr. fyrirliggjandi frv. Sem dæmi má taka að Lánasjóður sveitarfélaga ohf. starfar samkvæmt sérstökum lögum og veitir eingöngu lán til sveitarfélaga. Eðlilegt verður að teljast að slíkar lánastofnanir séu ekki settar undir eynamerкта gjaldskyldu af þessu tagi, t.d. þannig að 5. gr. frv. kveði á um að lánastofnanir „sem veita einstaklingum og heimilum lánafyrirgreiðslu“ skulu standa straum af kostnaði við rekstur umboðsmanns skuldara með greiðslu sérstaks gjalds.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri



## SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Félags og tryggingamálanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 7. maí 2010

### Efui: Umsögn um eftirtalin frumvörp:

- Frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga (heildariög) 560. mál.
- Frumvarp til laga um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði (ný úrræði fyrir einstaklinga í greiðsluerfiðleikum), 561. mál.
- X - Frumvarp til laga um umboðsmann skuldara, 562. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hefur fengið til umsagnar ofangreind frumvörp. Þar sem frumvörp þessu eru nátengd senda SA sameiginlega umsögn um þau, en eftir því sem við á verður gefin umsögn um hvert frumvarp fyrir sig.

Lög um greiðsluaðlögun voru samþykkt af Alþingi í apríl 2009. Samtök atvinnulífsins studdu þá setningu laga um greiðsluaðlögun en settu fram ýmsar athugasemdir um það sem samtökin töldu betur mætti fara í lagasetningunni. Þá bentu samtökin á að gera mætti ráð fyrir mikilli ásókn í úrræðið á næstu misserum og að áætlaður kostnaður ríkisins væri verulega vanmetinn. Nú hefur komið á daginn að það mat samtakanna var rétt. Í ljósi þess að búið er að lögfesta breytingar á tekjuskattslögum sem gera það að verkum að eingöngu í formlegri greiðsluaðlögun myndist ekki skattstofn við niðurfellingu eða lækkun krafna er viðbúið að enn fleiri en áður muni sækja í úrræði þetta í stað þess að semja beint við sinn viðskiptabanka um persónubundna aðlögun.

Ljóst var fljótlega að ráðast þyrfti í endurskoðun á lögnum frá því í apríl 2009 enda komu fram ýmsir hnökrar á í framkvæmdinni. Komu Samtök atvinnulífsins í byrjun að nefnd sem hafði með endurskoðun laganna að gera og komu þar að sjónarmiðum samtakanna. Nefndin sem slík var síðan lögð niður og eru frumvörp þessi sem hér er fjallað um ekki frá nefndinni komin.

### Tveir lagabálkar

Eitt af því sem Samtök atvinnulífsins lögðu áherslu á í nefndarvinnunni var að nauðsynlegt væri að sameina í einn lagabálg reglur um greiðsluaðlögun einstaklinga og um greiðsluaðlögun vegna fasteignaveðlána. Yrði slíkt til mikillar einföldunar fyrir þá sem vinna þurfa með þessi lög en ekki síst fyrir skuldara sem erfitt geta átt með að átta sig á þeim úrræðum sem þeim standa til boða. Var því borið við að slík sameining lagabálka væri erfið þar sem hún útheimti í raun ný heildarlög og að ekki ynnist tími til slíkrar vinnu við endurskoðun laganna. Nú eru hins vegar lögð fram frumvörp sem annars vegar eru ný heildarlög um greiðsluaðlögun einstaklinga og hins vegar breytingar á lögum um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna. Erfitt er að sjá rök fyrir



Þessu fyrirkomulagi, sérstaklega með tilliti til þess að lögin um greiðsluaðlögun einstaklinga virðist einnig eiga að ná til veðkrafna, eins og sjá má t.d. á ákvæði 24. gr. frumvarpsins svo og að í 2. gr. frumvarpsins segir að greiðsluaðlögunin taki til „allra fjárskuldbindinga einstaklings, nema sérstaklega sé kveðið á um annað í lögum þessum.“ Þá er næsta ljóst að langflestir einstaklingar sem þurfa á greiðsluaðlögunarræðinu að halda eru bæði með almennar skuldir og veðskuldir og að greiðsluaðlögunin þarf að ná til hvor tveggja.

Hvað varðar tengslin á milli þessara tveggja lagafrumvarpa vilja SA sérstaklega benda á að lánsveðskröfur eru ekki eins meðhöndlaðar í frumvörpunum og er nauðsynlegt að samræma í þeim meðferð krafna með veði í eign þriðja manns.

Þá er í 24. gr. frumvarpsins til greiðsluaðlögunar einstaklinga mælt fyrir um að veðkröfur sem eru yfir matsverði þeirra eignar sem stendur til tryggingar, falli niður við lok greiðsluaðlögunar. Hins vegar er í núverandi lögum um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna nr. 50/2009 gert ráð fyrir allt annarri og meira íþyngjandi málsmeðferð þ.s. segir í 12. gr. að við lok greiðsluaðlögunar geti skuldari sérstaklega sótt um að eftirstöðvar veðskulda sem nemi hærri fjárhæð en svari til söluverðs fasteignarinnar á almennum markaði að viðbættum 10 hundraðshlutum verði afmáð af fasteigninni. Munu því skuldarar mun fremur leita almenna greiðsluaðlögun en í greiðsluaðlögun einungis fyrir veðkröfur sínar.

**Einstakar athugasemdir við frumvarp til laga um umboðsmann skuldara**

Ráðgjafarstofa heimilanna hefur hingað til sinnt því hlutverki með sóma sem ný stofnun Umboðsmaður skuldara er ætlað að sinna samkvæmt lögnum. Ekki verður séð sérstök þörf á því að breyta Ráðgjafarstofu heimilanna að þessu leiti þótt eðlilegt sé að stofnuninni sé fundinn staður og hún fest í sessi með lögum og verklagsferlar hennar lögfestir.

Samtökin gera þó athugasemd við fjármögnun þessarar nýju stofnunar, en samkvæmt frumvarpinu er einungis fjármálafyrirtækjum ætlað að standa straum af kostnaði við rekstur stofnunarinnar.

Í dag standa ýmsir aðrir aðilar að Ráðgjafastofu heimilanna fyrir utan fjármálafyrirtækin, s.s. Íbúðalánasjóður, ríki, sveitarfélög og lífeyrissjóðir auk stéttarféлага. Hefur verið sátt um þetta fyrirkomulag og virðast ekki rök fyrir því að breyta því með frumvarpi þessu. Í því sambandi er sérstaklega óeðlilegt að einungis fjármálafyrirtæki en ekki aðrir lánveitendur komi að stofnuninni.

Þá færi betur á því að tekjur sem kveðið er á um í lögum sem þessum rynnu í ríkissjóð og að ákvörðun um fjárheimildir væru síðan teknar af hálfu ríkisstjórnar með fjárlögum eins og á við um aðrar ríkisstofnanir.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.

Reykjavík, 7. maí 2010

Alþingi  
Félags- og tryggingamálanefnd  
150 Reykjavík

**Varðar: Frumvarp til laga um umboðsmann skuldara, 562. mál.**

SFF hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp. Hér á eftir eru gerðar athugasemdir við einstök atriði frumvarpsins.

Í athugasemdum við frumvarpið segir að starfsmannafjöldi Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna hafi verið óbreyttur frá árinu 1996 til ársins 2008 þegar hann jókst um helming og hafi ásókn í þjónustu stofnunarinnar aldrei verið meiri. Þá sé mikilvægt að koma aðstoð við skuldara í sterkara og skýrara form en verið hefur og besta leiðin til þess sé að setja á stofnu embætti umboðsmanns skuldara, sem hafi skýra stoð í lögum.

Svo virðist sem hið nýja embætti eigi sér ekki beina hliðstæðu í nágrannaríkjunum, a.m.k. kemur ekkert fram um það í athugasemdum við frumvarpið. Samtökin taka undir að mikilvægt er að aðstoð við skuldara sé í sterku og skýru formi. Að mati samtakanna hefur Ráðgjafarstofan sinnt hlutverki sínu afar vel á þeim mikla álagstíma sem nú gengur yfir vegna kreppunnar og því er ekki augljóst að breyta þurfi um form á þessari starfsemi. Það fylgir því líka ávallt ákveðin áhætta að setja upp nýjar stofnanir, ekki sist ef ekki er hægt að nýta reynslu nágrannabjóða í þeim efnunum. Viss hættu getur t.d. verið á að sú hlutlausa ráðgjöf sem Ráðgjafarstofa hefur verið þekkt fyrir glattist.

Samtökin styðja lögfestingu meginefnis frumvarpsins, enda megi hin nýju stofnun verða til þess að styrkja enn frekar þá umgjörð um úrlausn skuldavandamála sem sett hefur verið upp í kjölfar bankahrunsins. SFF benda þó á að allar líkur eru á að starfsmannafjöldi stofnunarinnar muni dragast verulega saman á næstu árum þegar þær efnahagsþrengingar sem íslenskt þjóðfélag glímir við hafa gengið yfir. Því er mikilvægt að hafa sveigjanleika í starfsemi og umfangi slíkar stofnunar. Þá er gerð er að neðan alvarleg athugasemd við fyrirhugaða fjármögnun stofnunarinnar. Loks telja SFF að samhliða þessari breytingu mætti skoða sameiningu stofnanna á svipuðum starfsvettvangi í hagræðingarskyni, svo sem Talsmanns Neytenda og Neytendastofu.

Hér á eftir eru athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

**5. gr.**

Í ákvæðinu er fjallað um fyrirkomulag greiðslu kostnaðar af rekstri nýrrar stofnunar.

Það vekur athygli að í greinargerð frumvarpsins er hvergi minnst á hversu mikið hin nýja stofnun mun kosta, þrátt fyrir að ráðgert sé að leggja með því verulegar viðbótarálögur á starfandi fjármálafyrirtæki. Leita þarf í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytis við frumvarpið til að finna tölur þar um, en þar segir að fjárheimildir félags- og tryggingamálaráðuneytis vegna Ráðgjafarstofunnar nemi um 100 m.kr. í fjárlögum þessa árs en að auki hafi verið gerður samningur á milli dóms- og mannréttindaráðuneytisins og Ráðgjafarstofunnar um 20 m.kr. framlag vegna vinnu við greiðsluáðlögun einstaklinga. Á móti hafa komið um 40 m.kr. móttframlög

samstarfsaðilanna. Samtals eru þetta 160 m.kr. Áætlað er árlegur kostnaður við embættið verði um 330 m.kr sem gert er ráð fyrir að komi eingöngu úr vasa fjármálafyrirtækja sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Í athugasemdum við frumvarpið segir að eðlilegt sé að þeir aðilar sem stunda lánveitingar greiði kostnað af starfsemi stofnunarinnar eins og gert hefur verið við rekstur Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Þrátt fyrir þessi ummæli er í 5. gr. frumvarpsins lagt til að eingöngu lánastofnanir samkvæmt 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki skuli standa straum af kostnaði við rekstur umboðsmanns skuldara. **Að mati SFF er óeðlilegt að binda fjármögnun stofnunarinnar við fjármálafyrirtæki eingöngu og er því lagt til að allir aðilar á einstaklingslánamarkaði komi að fjármögnun stofnunarinnar svo sem Íbúðalánasjóður, LÍN og lífeyrissjóðir. Þá er lagt til að ríkissjóður og sveitarfélög standi straum af hluta af rekstrarkostnaði, á sama hátt og verið hefur með rekstur Ráðgjafarstofunnar og gefist vel. Sú aðkoma ríkis og sveitarfélaga hefur ekki síst verið til þess fallin að stuðla að sem bestu samstarfi þeirra og lánveitenda um meðferð erfiðra skuldamála. SFF telja eðlilegt að hið opinbera standi undir helmingi af rekstrarkostnaði hinnar nýju stofnunar. Í þeim efnum skal haft í huga að á móti sparar hið opinbera 80 milljónir króna sem gert hafði verið ráð að það legði til umsjónarmanna á grunni laga um greiðsluáðlögun.<sup>1</sup> Miðað við áætlaðan rekstrarkostnað uppá 330 millj. kr. þá mun þetta þýða 50 milljón króna viðbótarframlag ríkisins frá því sem þegar hafði verið ákveðið.**

Hér skal líka bent á að ríki og sveitarfélög leggja ýmsar álögur á einstaklinga og selja þeim þjónustu. Í því ljósi er eðlilegt opinberir aðilar sem jafnframt eru kröfuhafar þegar kemur greiðsluerfiðleikamálum einstaklinga greiði að hluta til kostnað sem af rekstri stofnunarinnar hlýst. Slíkt fyrirkomulag er til þess fallið að skapa jafnvægi í störfum stofnunarinnar og eykur kostnaðaraðhald. Það samstarf hefur líka gefist vel í tilvikum Ráðgjafarstofu eins og fyrir greinir og full ástæða til að hafa það til hliðsjónar.

Í 5. mgr. 5. gr. segir að miða skuli við að lánastofnanir greiði gjald vegna stofnunarinnar í hlutföllum við umfang útlánastarfsemi sinnar. Óljóst er hvað átt er við með þessu orðalagi og enginn mælikvarði settur um hvernig umfang útlánastarfsemi skuli mælt. Lagt er til að kostnaði verði deilt niður á fyrirtæki í hlutfalli við á fjölda mála sem kemur til meðhöndlunar hjá umboðsmanni. Í því felst hvati hjá hverri lánastofnun að afgreiða sem flest mál „innanhúss“.

Þá segir í 5. mgr. 5. gr. að lánastofnanir skuli hafa umsagnarrétt um kostnaðaráætlun vegna rekstrar stofnunarinnar. Skýra þarf betur aðkomu lánastofnana að fjárhagsáætlun. Mikilvægt er að aðilar sem fjármagna stofnunina geti haft áhrif á rekstur hennar og fjármögnun. Frumvarpið virðist ganga ansi langt í að framselja skattlagningarvald (innheimtu þjónustugjalda) frá löggjafa til framkvæmdarvaldins. Ákvæðið virðist líka á skjön við viðmið laga um fjárreiður ríkisins, nr. 27/1997. Eins og fram kemur í umsögn fjármálaráðuneytis er eðlilegra að tekjur sem kveðið er á um í lögum renni í ríkissjóð og ákvörðun um fjárheimildir verkefna séu teknar í fjárlögum hverju sinni. Með því móti mundi rekstur stofnunarinnar falla undir aðhald fjárlaganefndar Alþingis á sama hátt og á við um aðrar ríkisstofnanir. Innheimta hluta af útlögðum rekstrarkostnaði hjá fjármálafyrirtækjum, gæti þá farið fram með sambærilegum hætti og fyrirkomulag á innheimtu gjalda eftirlitsskyldra aðila til FME.

**SFF ítreka mikilvægi þess að gerðar verði breytingar á 5. gr. hvað varðar rekstrarkostnaðinn, þannig þ.e. að hið opinbera greiði hann að hálfu á móti lánveitendum sem og að lagalega umgjörðinn í kringum hann sé skýr og í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, sem ríkisstofnunum ber að fylgja.**

## Önnur ákvæði

### 2. gr.

Í 2. gr. segir að umboðsmanni skuldara sé heimilt að gera þjónustusamning við utanaðkomandi aðila um vinnslu mála fyrir stofnunina. Virðist því gert ráð fyrir umboðsmaður útvísti málum til verktaka. Setja þarf skýr viðmið varðandi kostnað sem slíkir aðilar innheimta. Dæmi um slíkt er t.d. í lögum 24/2009 en þar er hámarks þóknun umsjónarmanna, kr. 200.000. Þá er nauðsynlegt að betur komi fram í lögnum hverer ábyrgð og skyldur slíks þriðja aðila sem gerður er þjónustusamningur við, t.d. skylda til að hafa starfsábyrgðartryggingu.

### 3. gr.

<sup>1</sup> Í frumvarpi til laga um greiðsluáðlögun einstaklinga (560. mál) er lagt til í 10. gr. að umboðsmaður skuldara skipi umsjónarmann með greiðsluáðlögun. Umsjónarmaður getur verið starfsmaður embættis umboðsmanns skuldara eða annar aðili sem umboðsmaður hefur falið að gegna starfinu

Í 3. gr. er mælt fyrir um að umboðsmaður geti krafist stjórnvöld, fyrirtæki og samtök um allar upplýsingar sem að mati stofnunarinnar eru nauðsynlegar til hún geti sinnt hlutverki sínu að undanskildum upplýsingum um öryggi ríkisins eða utanríkismál. Þetta er afar víðtæk heimild til upplýsingaöflunar. Að mati samtakanna er eðlilegt að afmarka hana frekar, t.d. með tilvísun til heimilda skiptastjóra í gjaldþrotabúum. Annars má gera ráð fyrir að ágreinngur geti vaknað um hvort aðilum sé heimilt að afhenda tiltekin gögn t.d. á grundvelli ákvæða laga um þagnarskyldu fjármalafyrirtækja eða laga um persónuvernd.

Virðingarfyllt,



Jóna Björk Guðnadóttir, hdl.



Alþingi  
Erindi nr. P 138/2090  
komudagur 7.5.2010

6. maí 2010  
SI-63114

Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Með bréfi dagsettu 21. apríl 2010, sem barst í tölvupósti sama dag, óskaði félags- og tryggingamálanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um umboðsmann skuldara (þskj. 952 – 562. mál).

Markmið frumvarpsins er að koma á fót nýrri ríkisstofnun sem skuli gæta hagsmuna og réttinda skuldara og er gert ráð fyrir að stofnunin byggji á grunni Ráðgjafarstofu um fjármál heimila. Seðlabanki Íslands gerir engar athugasemdir við að stofnun sem þessari sé komið á fót. Seðlabankinn bendir hins vegar á að vissrar mótsagnar gætir í X. kafla almennra athugasemda með frumvarpi um greiðsluaðlögun einstaklinga, sem fjallað var um hér að framan, og frumvarpi til laga um umboðsmann skuldara. Í X. kafla athugasemda við frumvarpið til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga er því haldið fram að þar sem umboðsmaðurinn gegni mikilvægu hlutverki í greiðsluaðlögunarferlinu sé brýnt að hann sé hlutlaus í afstöðu sinni til skuldara og kröfuhafa. Í athugasemd við 1. gr. frumvarps til laga um umboðsmann skuldara segir hins vegar að markmið stofnunarinnar eigi að vera að ná fram eins hagstæðri lausn og kostur er fyrir skuldara, án tillits til þess hvaða áhrif sú lausn hefur á hagsmuni einstakra kröfuhafa. Erfitt er að sjá hvernig þetta tvennt á að geta farið saman við endurskipulagningu skulda sem felur í sér ákvörðun um hvernig byrðunum skuli dreift. Eins og vikið er að hér að framan sýnir reynsla annarra landa að oft er ekki nægjanlegt samræmi á milli endurskipulagningar skulda og annarra aðgerða, einkum endurreisnar bankakerfisins. Mikilvægt er að við endurskipulagningu skulda sé gætt að áhrifum á stöðu lánveitenda. Loks gætir einnig vissrar mótsagnar í 1. mgr. 1. gr. og 1. ml. 2. gr. sama frumvarps þar sem segir að umboðsmaður skuldara sé ríkisstofnun sem ráðherra skipi til fimm ára í senn. Í 1. mgr. 1. gr. ætti að standa „embætti umboðsmanns skuldara“.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS



Arnór Sighvatsson

aðstoðarseðlabankastjóri



Þórarinn G. Pétursson

aðalhogfræðingur





TOLLSTJÓRI

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2040  
komudagur 7.5/38/2.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2010

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um embætti umboðsmanns skuldara, 562. mál, lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010.**

Tollstjóri hefur mótttekið erindi félags- og tryggingamálanefndar Alþingis dags. 21. apríl 2010 þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um umboðsmann skuldara.

Tollstjóri gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Snorri Olsen  
Tollstjóri



Nefndasvið Alþingis  
Félags- og tryggingarmálanefnd  
b/t. Hildar Evu Sigurðardóttur  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2010.

Efni: Frumvarp til laga um umboðsmann skuldara (562. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að sett verði á stofn embætti umboðsmanns skuldara á grunni Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna.

Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna hefur verið starfrækt af mikilli þrýði undanfarin ár og hefur stofan reynst burðarbiti í yfirstandandi endurreisnarstarfi með linnulausri og aðdæðunarverði aðstoð til handa fjölda fólks. Ef það er metið sem svo að staða stofunnar styrkist og aðstoð eflist við umbreytingu hennar í embætti umboðsmanns skuldara þá skal það vera svo.

Ráðið gerir einungis tvær athugasemdir við frumvarp þetta. Annars vegar er þörf umboðsmanns til ótakmarkaðs aðgangs að upplýsingum hjá fyrirtækjum og samtökum ekki rökstudd nægjanlega og því ekki gætt málefnanlegra sjónarmiða um meðalhóf. Hins vegar er ráðið ósammála því mati ráðuneytisins, sem fjallað er um í umsögn fjárlagaskrifstofu, að tekjur umboðsmanns skuldara sem innheimtar eru af lánastofnunum skuli frekar renna í ríkissjóð í stað þess að þær renni beint til rekstur embættisins. Með því að marka tiltekinni opinberri stofnun ákveðna tekjustofna er gegnsæi í rekstri ríkissjóðs og viðkomandi stofnunar aukið til muna og þar með greitt fyrir markvissara eftirliti með ráðstöfun fjármagnsins t.a.m. af hálfu Ríkisendurskoðunar. Því leggur ráðið til að markaðar tekjur embættisins renni beint til þess.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga, en hvetur nefndina til að taka ofangreindar athugasemdir til skoðunar.

Virðingarfyllt,

*Haraldur I. Birgisson*

Haraldur I. Birgisson  
Yfirlögfræðingur Viðskiptaráðs